

# Lýðmenntun

Bókin Lýðmenntun (Guðmundur Finnbogason, 1994 [1903]) er merkilegt rit þó hún sé farin að komast á aðra öldina. Eitt af því fyrsta sem vakti athygli mína var hve sterk tengsl Guðmundar voru við þá strauma og stefnur sem voru ríkjandi á þessum tíma í sálfræði. Tilvitnanir hans í skynjunarsálfræði bera mjög merki samtíma manna hans erlendis og ef vel er skoðað má jafnvel sjá örla fyrir áhrifum frá þeirri stefnu sem nokkru síðar á öldinni varð að atferlishyggju. Viðhorf hans til menntunar bera hans menntun og ferðum hans skýr merki. Það er ólíklegt að viðhorf manns með hans reynslu og bakgrunn hafi verið þau sömu og samtíða manna hans á Íslandi, mögulega að undanskyldum þeim allra framsýnustu.

Þrátt fyrir þessa sýn Guðmundar á menntun og skólastarf var augljóst að hann stóð styrkum fótum í íslenskum samtíma og þeim raunveruleika sem hugmyndir hans áttu að verða að raunveruleika í. Guðmundur fjallar um þá strauma og stefnur sem hann hafði kynnst í fræðum og ferðum sínum og færir í skiljanlegt og aðgengilegt mál sem ætla má að samtímamenn hans á Íslandi hafi geta skilið. Sérstaka athygli vakti að hann beitir ekki neinum erlendum orðum heldur býr til þau orð sem hann vantar og notar önnur orð sem eru mjög skiljanleg meira að segja enn þann dag í dag. Gott dæmi um slíkt er orðið ódeili sem er mjög gott orð. Það má kannski segja að Guðmundur hafi haft hugmyndir sem voru talsvert á undan hans samtíð en hann sjálfur var samtíma sínum samkvæmur og umhverfinu.

Viðhorf Guðmundar til menntunar eru auðsjáanleg í bókinni og má finna nokkur gegnumgangandi stef. Hann trúir því að menntun eigi að efla einstaklinginn á heilrænan hátt og byggja hann upp með alhliðaþroska. Hann er einnig þeirrar skoðunar að menntun sé sá drifkraftur sem muni draga Ísland inn í betri tíð og bætt þjóðfélagsástand.

Í bók sinni setur hann fram skýrar hugmyndir að uppbyggingu náms sem tekur bæði á þeim námsgreinum sem kenna á og hvaða kennsluhætti og hvernig uppbygging hverrar námsgreinar skal vera. Sú minning sem ég hef af grunnskólanámi í barnaskóla og gagnfræðaskóla á árunum 1983 til 1993 rifjaðist mjög oft upp fyrir mér þegar ég var að lesa kafla Guðmundar um námsgreinarnar. Það skipulag sem hann setur upp um samsetningu efnis innan námsgreinarinnar og hvernig eigi að nálgast viðfangsefnið virðast hafa haldið sér nokkuð vel fram til þess tíma hið minnsta. Ég hef enga reynslu af grunnskólastarfi eins og það er í dag, svo vera má að það hafi breyst síðan þá. Þær

breytingar sem maður hefur heyrt um benda þó til þess að hugsmíðahyggja (*constructivism*), sem sjá má á sumum stöðum í skrifum Guðmundar, hafi orðið meira áberandi en hún var í því grunnskólastarfi sem er í minningu minni.

Námsgreinarnar sem Guðmundur talar um, skrift, teikning, móðurmálið, reikningur, náttúrufræði, söngur, hannyrðir og jafnvel danska virðast hafa haldið velli jafnvel enn fram á þann dag í dag sem áherslur í skólustarfi. Þó svo að ástæðurnar séu kannski aðrar þá hafa áherslurnar haldist. Ýmsa þætti úr skrifum Guðmundar má sjá í nýlegum hugmyndum eins og til dæmis grenndarfræðum og grenndarkennslu þar sem áhersla er lögð á nánasta umhverfi til að efla skilning nemenda á nánasta umhverfi sínu og byggja síðan þekkingu á öðrum stöðum á þeim skilningi. Þessi nálgun var þekkt þegar ég gekk í gegnum mitt grunnskólanám þá er það allavega ekki í minningunni. Þó farið hafi verið í efnisatriðin í þeirri röð sem hugmyndir Guðmundar sögðu til um og efnistökin væru á vissan hátt sambærileg. Í minningunni, sem auðvitað gæti verið skekkt af árunum sem liðin eru, var ekki lagt upp úr þeim skilningi og notkun þekkingar sem Guðmundur talar um heldur staldrar maður við utanbókarlærdóm. Gott dæmi um slíkt er landafræðikennsla. Í minningunum úr Gagnfræðaskóla Akureyrar voru það yfirheyrslur um nöfn á vestfjörðunum í rétttri röð auðvitað og samanreknir stuttir kaflar með staðreyndum um lönd og lifnaðarhætti. Sú landafræðikennsla sem var örugglega mjög hefðbundinn á þeim tíma og talið víðeigandi og gott er samt ekki svipur frá sjón miðað við þær stóru hugmyndir og væntingar sem Guðmundur hafi um landsfræðikennslu. Hefðbundin landafræði nær kannski ekki alveg utan um þá námsgrein sem Guðmundur hafði í huga. Samfélagsfræði sem rekur ættir sínar til landafræði, félagsfræði, mannfræði og margra sambærilegra fræðigreina er kannski nær þeim hugmyndum sem Guðmundur hafði á sínum tíma. Það má segja að þetta sé enn eitt dæmið um lífseiga hugmynd frá Guðmundi þó hún hafi skipt um nafn.

Viðhorf Guðmundar til menntunar og skilgreiningar hans á hugtakinu eru áhugavert að skoða aðeins nánar og bera jafnvel saman við seinni tíma hugmyndir um menntun. Hann skiptir markmiðum með menntun í tvo meginflokka, menntagildi og notagildi. Guðmundur greinir þetta tvennt í sundur og tengir við það sem hann kallar almenna menntun og sértæka menntun. Gildi almennrar menntunar og menntagildi voru Guðmundi mjög ofarlega í huga. Við þær þjóðfélagsaðstæður sem voru á Íslandi þegar Lýðmenntun var skrifuð má segja að það sé rökrétt viðbragð. Lág menntunarstig

Þjóðarinnar kallar á að bæta úr og þá er menntunargildið í öndvegi. Það má sjá færslu yfir í það sem Guðmundur kallar notagildi á síðustu árum og ef notast er við flokkunarkerfi Bloom (Ingvar Sigurgeirsson, 1999) má jafnvel tengja menntagildið við viðhorf- og þekkingarmarkmið en notagildi við færnimarkmið. Það er vissulega ekki hægt að skipta hugtökum Guðmundar út fyrir þessa skiptingu Bloom's en skörun er þó nokkur.

Það er merkilegt að sjá hversu víðtækan og þroskaðan skilning Guðmundur hefur á hugarstarfi og hugtökum tengdum því, þar með talin greind og menntun. Hann tekur á mörgum þrástefjum sem eru enn þann dag í dag áberandi í umræðunni. Sem dæmi um slíkt má nefna umræðuna um þátt erfða á móti þætti uppeldis á greind. Einnig bregður fyrir hugmyndum sem hugfræði (*cognitive psychology*) gerði þekktar með kenningum sem tengjast upplýsingavinnslu (*information processing theories*). Hjá Guðmundi má til að mynda sjá hugmyndir um að menntun sé samblanda þess að þiggja, ummynda og gefa. Þetta á mjög góða samleið með kenningum hugfræðinga.

Ef hugmyndir Guðmunar eru skoðaðar í ljósi núverandi námskrár er nokkuð mikið sem þetta tvennt á sameiginlegt. Oft var það sem frasinn ... *undirbúa fyrir líf og störf í lýðræðisþjóðfélagi* ... fer í gegnum huga manns við lestur bókarinnar. Víða kemur fram sú skoðun Guðmundar að menntun sé á allar hliðar mannbætandi. Teikning til að mynda þjálfari ekki bara þá sem ætla sér frama í myndlist eða hafi hæfileika til þess heldur eflir eftirtekt og meðvitund gagnvart umhverfinu. Færni í teikningu hjálpar líka við að miðla hugmyndum, til dæmis sá sem kaupir þjónustu smíðs geti hagnýtt slíka færni til að miðla hugsmíðum sínum til hans til að tryggja sameiginlegan skilning. Skilningur á námsgreinunum er líka eitthvað sem Guðmundur er mjög ákveðinn í að skipti máli. Má vera að sú áhersla hafi eitthvað skolast til í meðferð næstu áratuga í stjórnsýslunni og skólakerfinu en afstaða Guðmundar er mjög skýr. Gagnslaus menntun er verri en enginn.

Það er frískandi að Guðmundur bindur ekki menntun niður á þann bás að krefjast hagnýtingar á hverju atriði sem kennt er. Hann viðurkennir að menntun án hagnýtingar sé gagnleg til að skerpa hugann og gera fólk meðvitaðra og betur í stakk búið til að takast á við leik og störf. Utanbókarlærdómur og annað *stagl* er þó eitthvað sem ekki fær mikið fylgi samkvæmt hugmyndum Guðmundar. Enda má halda að það sé rökrétt viðbragð við kverlærdómnum sem kirkjunnarmenn stóðu fyrir meðal

fermingarbarna. Þrátt fyrir það útilokar Guðmundur ekki aðkomu presta að skólakerfi byggðu á hugmyndum hans. Bæði bendir hann á að þetta sé þjóðkirkja og víða séu prestar hæfustu aðilarnir til að hafa áhrif á skólastarfið, sérstaklega í dreifðari sveitum.

Guðmundur nálgast menntun og mannþroska á mjög víðtækanhátt og vill ala upp hjá samlöndum sínum menntun sem gengur út frá því að gera einstaklings meira að mönnum. Grunnsamlíkingin sem Guðmundur notar er við fálka og *fálkun*. Hvernig er hægt að gera fálkan að meiri fálka eða fálkalegri? Sama notar hann um menntun, hvernig er hægt að gera menn að meiri mönnum? Það telur hann aðeins hægt með því að þroska og þróa samfélagið. Skólar bæði í þéttbýli og dreifbýli telur hann vera kjörin tæki til að þróa samfélagið. Tengslin við lýðbókasöfnin kemur hér inn í umfjöllun bókarinnar og telur höfundur að þau hafi lykilhlutverki að gegna í menntun þjóðarinnar í samstarfi við skólana.

Hugmyndir Guðmundar um uppbyggingu skóla, skólakerfisins, kennaramenntunar og fleira í þeim dúr eru heilstæðar. Hvernig hann sér fyrir sér stjórn skólakerfisins með kennslumálaráðuneyti og það sem ekki má sjá á neinn annan hátt heldur en forskrift að aðalnámskrá skólastiganna er mjög nálægt þeirri mynd sem er í gildi enn í dag. Röksemdafærsla hans fyrir því skipulagi sem hann leggur til er mjög sannfærandi og án þess að maður hafi upplifað þessa tíma á Íslandi er erfitt að sjá hvað hefði verið á skjön við raunveruleikann. Það er í það minnsta fátt sem ekki hefur staðist tímans tönn. Sérstakar aðstæður sem voru fyrir öld síðan eiga auðvitað ekki við lengur en þess utan er röksemdafærsla hans mjög sannfærandi fyrir lesanda sem býr í nútímanum.

Staðsetning kennaraskóla og fyrirkomulag hans varð að umræðuefni hjá honum. Á þeim tíma þegar bókin er skrifuð hafði kennaramenntun verið í Hafnarfirði. Guðmundur kemur með sannfærandi rök, t.d. um stærð, sérhæfingu stundakennara og aðstöðu bæði til kennslu og fyrir aðkomumenn sem koma til að læra við skólann. Æfingaskóli tengdur kennaraskólanum er í hugmyndum Guðmundar og sú hugmyndur hefur orðið lífseig og er með okkur enn þann dag í dag. Einnig vill hann skipuleggja nám kennara í þriggja ára nám og svo eins árs nám fyrir farkennara. Ekki er beint hægt að segja að þessi hugmynd hafi lifað af en þó er verið að kenna bæði kennslufræði til kennsluréttinda sem er eins árs nám og svo fullt nám sem tekur þrjú ár. Þó forkröfur í þessar tvær námsleiðis séu aðrar þá minnti þetta þó nokkuð á skiptingu Guðmundar þó samlíkingin nái ekki alla leið.

Það er einnig mjög auðvelt að sjá hvernig skólanefndirnar hafi þróast í gegnum áratugin og orðið að fræðsluskrifstofum og svo skólaskrifstofum og menntasviðum sem við þekkjum í dag. Skólakerfið eins og því var lýst í Lýðmenntun er ekki jafn mikið að umfangi eins og það sem við þekkjum í dag en margar af þeim grunnhugmyndum sem settar eru þar fram hafa samanber það sem að framan er sagt hafa lifað áfram þó sumar í breyttri birtingarmynd.

Alhliðaðroski manneskjunnar í menntakerfinu er auðsjáanleg í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla sem eru í gildi í dag. Það er erfitt að meta hvort jafnvægi milli menntunargildis og notagildis sé það sama hjá Guðmundi og í aðalnámskrám samtímans. Þessir þættir koma þó fram á báðum stöðum með einum og öðrum hætti. Ef eitthvað má segja er að framsetningin hefur í það minnsta í framhaldsskólanum farið meira út í að leggja áherslu á þekkingaratriði sem fara þarf yfir frekar en persónulegan þroska. Persónulegi þroskinn á þó sér sinn stað og til dæmis má segja að Lífsleikni sé byggt á þeim hugmyndum sem sjá má hjá Guðmundi um menntagildi og þroska einstaklingsins.

Aðra áhugaverða viðmiðun má sækja til Bourdieu (1990). Þar setur hann fram sjö viðmið um skoðun á námskrám. Sérstaklega slær Bourdieu á sama streng og Guðmundur í öðru viðmiði sínu. Þar er sagt að kenna ekki það sem ekki er hægt að ná sér í með öðrum og skilvirkari hætti og lögð sé áhersla á kenna hugsanahátt og aðra þekkingu sem mætti flokka sem óyrta. Þessi tegund kennslu er mjög tengd því menntagildi sem Guðmundur talar um í bók sinni. Bourdieu er samt að mörgu þróaðari og augljóst að nýtt orðfæri og áherslur eru komnar í umræðuna um skólakerfi á þessum tæpu 90 árum sem liðu á milil þessara tveggja verka. Bourdieu talar um fjölbreytilegar kennsluáferðir meðan Guðmundur talar um mismunandi atgervi nemenda og getu þeirra til náms. Hann gengur jafnvel það langt að láta í veðri vaka að til sé fólk sem er ekki gáfað. Slíkt myndi sennilega ekki verða vinsælt í dag. Það má því segja að sýn Guðmundar á breytileika nemenda sé frekar einviður sem er talsvert ólíkt þeim viðhorfum sem eru ríkjandi í dag á tímum tilfinningagreindar, fjölgreindar og fleiri slíkra hugtaka. Þó má líklegt telja að þessi viðhorf Guðmundar hafi verið samstíga sínum samtímamönnum hvað þetta varðar. Bourdieu talar um samþættingu námsgreina meðan Guðmundur greinir þær í sundur og setur nokkuð skýr mörk á milli. Á hinn bóginn þá gerir Guðmundur í flestum ef ekki öllum tilvikum ráð fyrir því að sami

kennari kenni allar námsgreinar, jafnvel mörgum árgöngum saman í einu. Þetta umhverfi er annað en það sem skrif Bourdieu eru byggð á. Þar er gert ráð fyrir sérgreinakennurum sem Guðmundur sér einna helst fyrir sér í kennaraskólanum sjálfum. Þrátt fyrir mismunandi tíma og mismunandi umhverfi eru margir sameiginlegir þættir eins og sjá má á þessu sem á undan er sagt. Viðhorf til menntunar og þeirra áhrifa sem ætlað er að hún geti haft á einstaklinga eru svipuð hjá báðum höfundum.

Þegar á heildina er litið er harla fróðlegt að lesa Lýðmenntun. Margar af hugmyndum Guðmundar og skilningur hans á hugtökum eiga við á ýmsan hátt í dag eins og þegar bókin var skrifuð. Sá skilningur sem hann hefur á hugtakinu menntun finnst mér persónulega endurspegla mjög vel þann skilning sem ég hef persónulega bundið við það hugtak. Þó svo að við tveir séum kannski eitthvað á skjön við almennan skilning og þær væntingar sem fólk hefur í dag til menntunar.

Þegar á heildina er litið er bókin nokkuð vel viðeigandi lestur og gott að fá þessa sýn inn hugmyndir Guðmundar um skólakerfið því hans hugmyndir hafa augljóstlega haft talsverð áhrif á uppbyggingu skólakerfisins og stjórnun þess. Það er einnig mjög áhugavert að sjá að jafnvel í minni eigin grunnskólagöngu hafi enn verið hægt að finna fyrir áhrifum frá honum.

Það sem kom mér einna mest á óvart við lesturinn og það sem stenst tímans tönn betur en margt annað er umfjöllunin um menntunarhugtakið. Guðmundur fjallar um menntun á mjög óhlutbundinn hátt og tekur á mörgum mismunandi hliðum þess, bæði fræðilegum og hagnýtum. Aðrir hlutar eins og umfjöllunin um uppbyggingu skólakerfisins er eins og eðlilegt er ekki eins viðeigandi nú á dögum eins og hún var þá. Sá lestur hefur þó sögulegt gildi sem er gott að koma að.

Guðmundur hefur greinilega vandað mikil til verksins og fellur ekki í þá gryfju sem margir nú á dögum gera að nálgast menntun út frá einu sjónarmiði, þá helst sínum eigin hóli. Þrátt fyrir heimspeki og sálfræðibakgrunn hans dettur hann ekki í að fjalla eingöngu um menntun frá því sjónarmiði. Hann er einnig í góðum tengslum við íslenskan raunveruleika, hann hefur ekki misst þann eiginleika að setja hluti sem hann hefur tileinkað sér á ferðum sínum og fræðum í samhengi við raunveruleikann sem var á Íslandi á þessum tíma. Guðmundur notar mikið af myndmáli, samlíkingum og tilvitnunum í þekktan kveðskap bæði nýjan og gamlan. Þetta hefur líklega hjálpað til við

að gera þær nýju hugmyndir sem hann hafði fram að færa auðskiljanlegri fyrir almenning og ráðamenn á Íslandi á sínum tíma.

Það má mæla með lestri þessarar bókar við flesta þá sem starfa í eða tengjast á einhvern hátt íslenska menntakerfinu. Það hafa allir skoðanir á því hvað menntun á að vera og mörgum finnst menntun eiga að vera öllum allt. Fyrir marga er hollt að kynnast skoðunum annarra og sá kafli sem lýsir viðhorfi Guðmundar til menntunar á mjög vel við og er byggður á breiðum grunni þekkingar og tekur á málinu á mörgum mismunandi forsendum.



## Heimildaskrá

Bourdieu, P. (1990). Principles for reflecting on the curriculum. *The Curriculum Journal*, 1(3), 307-314.

Guðmundur Finnbogason (1994, [1903]). *Lýðmenntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Ingvar Sigurgeirsson (1999). *Litróf kennsluaðferðanna* – Handbók fyrir kennara og kennaraefni Reykjavík: Æskan